

Kópavogsbær  
c/o Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogi

Reykjavík, 6. desember 2012

**Ný rétt fyrir afrétt Seltjarnarneshrepp hinn forna í lögsagnarumdæmi Kópavogs.**

Frá því um miðjan 6. áratug liðinnar aldar hefur verið skilarétt á Fossvöllum, ofan Lækjarbotna, sunnan gamla Suðurlandsvegarins. Var hún gerð að lögrétt fyrir afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna (Kópavogur, Reykjavík og Seltjarnarnes) fyrir 30 árum þegar Hafravatnsrétt var aflögð. Áður, eða til 1901, gegndi Árnakróksrétt, ofan við Selvatns í lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar, þessu hlutverki.

Nú er orðið mjög tímabært, og í raun nauðsynlegt, að færa lögréttina frá Fossvöllum og norður fyrir Suðurlandsveg, eftir tvöföldun hans, í SV-horn Norðurhólfs beitar svæðis þar sem gengur fé úr Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ, Ölfusi, Hveragerði, Grafningi og Þingvallasveit en Seltjarnarnes hefur verið fjárlaust í nær 50 ár. Síðan 2001 hefur Fossvallarétt verið innan marka beitarfriðaðs svæðis, álag hefur verið töluvert á vorin þegar verið er að æja þar með hross á leið austur fyrir Fjall, og ástand hennar er orðið mjög slæmt þannig að endurnýjunar er orðin brýn þörf.

Samkvæmt 49. – 51. gr. laga um afréttarmálefni, fjallaskil o.fl. nr. 6/1986 skal sveitarstjórn, eða fjallaskilastjórn í umboði hennar, sjá til þess að á hverjum réttarstað sé hæfilega stór fjárrétt og þurfi að byggja nýja rétt er landeiganda skylt að láta land undir hana.

Það er samdóma álit fjallaskilastjórnar, sem að standa Sauðfjáreigendafélag Kópavogs og Fjáreigendafélag Reykjavíkur (einnig með umboð fyrir Seltjarnarnes), að nú þegar þurfi að hefja undirbúning smíði nýrrar réttar sem verði tekin í notkun um miðjan september 2013. Þar sem ákjósanleg staðsetning er í lögsagnarumdæmi Kópavogs, þótt afréttarnýtingin falli undir framangreind þrjú sveitarfélög, er hér með farið fram í leyfi Kópavogskaupstaðar til framkvæmda á eftirgreindum stað:

Nyrst í Mosum, neðan Neðri Fóelluvatna, við syðri bakka Heiðarbrúnarkvíslar (Fossvallaár nyðri), um 200 metra austan veituvegar sem liggur frá Suðurlandsvegi um Mosa og Elliðakotsheiði í átt að Lyklafelli, sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Réttin yrði minni en Fossvallarrétt, þó allt að 500 fermetrar auk bílastæðis, safngirðingar og afleggjara frá framangreindum veituvegi þar sem bílaþ gætu mæst (tvíbreiður). Fjarlægð frá tveimur háspennulínum yrði nægileg til að uppfylla kröfur Landsnet. Safngirðing væri á milli réttar og vörslugirðingar

við Suðurlandsveg. Réttin yrði hringlaga, að mestu byggð úr timbri og máluð sem næst í stíl við umhverfið, sennilega græn. Í henna yrði réttað tvisvar á hverju hausti og kindur úr eftirleitum reknar þar inn eftir þörfum.

Þess ber að geta að margir þéttbýlisbúar koma í Fossvallarétt og yrði lög áhersla á að gera aðgengi að nýrri rétt fjölskylduvænt, líkt og í Krísuvíkurrétt. Ráðgjafi við staðsetningu og hönnun réttarinnar er Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtökum Íslands, en hann hefur m.a. hannað Krísuvíkurrétt sem fer vel í landslagi þar syðra, er fjölskylduvæn og reynis vel að dómi fjárbænda.

Þess er hér með farið á leit að afgreiðslu þessa máls verði hraðað eftir föngum.

Sent f.h. stjórnar Fjáreigendafélags Reykjavíkur og Sauðfjáreignenda Kópavogs.

Sigurbjörn Þorbergsson,  
gjaldkeri Sauðfjáreigendafélag Kópavogs.

